

PERSÓNUVERNDARSTEFNA NÓA-SÍRÍUSAR

-STARFSFÓLK OG VERKTAKAR-

Nói-Síríus hf., kt. 490269-7039, með aðsetur að Hesthálsi 2-4, 110 Reykjavík (hér eftir „**Nói-Síríus**“ eða „**félagið**“) hefur einsett sér að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi þeirra persónuupplýsinga sem félagið vinnur með.

Persónuverndarstefna þessi nær til persónuupplýsinga sem félagið vinnur um núverandi og fyrrverandi starfsfólk og verktaka félagsins.

Öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“).

Ef spurningar vakna varðandi stefnu þessa eða vinnslu félagsins á persónuupplýsingum er starfsfólki og verktökum bent á að hafa samband á netfangið personuverd@noi.is.

1. Persónuupplýsingar sem Nói-Síríus safnar og vinnur

Félagið safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um starfsfólk og verktaka. Vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum kann að fara eftir eðli starfs.

Félagið safnar og vinnur með persónuupplýsingar um starfsfólk fyrst og fremst til að geta uppfyllt skyldur þess samkvæmt ráðningarsamningi, og upplýsingar verktaka til að geta uppfyllt verktakasamning við viðkomandi. Þá vinnur félagið jafnframt með persónuupplýsingar á grundvelli heimildar/skyldu í lögum og á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins.

Komi til þess að félagið muni óska eftir samþykki starfsfólks og/eða verktaka í tengslum við tilgreinda vinnslu skal viðkomandi aðilum ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki.

Að meginstefnu til aftar félagið persónuupplýsinga beint frá starfsfólki og verktökum. Í þeim tilvikum þar sem að persónuupplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun félagið leitast við að upplýsa starfsfólk og verktaka um slíkt.

Eftirfarandi eru þær persónuupplýsingar sem einkum eru unnar um starfsfólk og verktaka, eftir því sem við á, og tilgreining á þeim grundvelli sem upplýsingarnar eru unnar á:

Vinnsla sem byggir á ráðningarsamningi

Sú vinnsla sem framkvæmd er til að uppfylla skyldur samkvæmt ráðningarsamningum við starfsfólk felst einkum í vinnslu á eftirfarandi upplýsingum:

- tengiliðaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang;
- starfsumsóknir, meðmæli og upplýsingar úr starfsviðtölum;
- afrit af ráðningarsamningi;
- afrit af prófskírteini, réttindum og annars konar þjálfun;
- upplýsingar er tengjast launavinnslu, s.s. launafjárhæð, starfshlutfall, bankareikningar, upplýsingar um opinber gjöld og skattkort maka, eftir atvikum;
- upplýsingar um aðild að stéttarfélagi;
- upplýsingar um aðild að lífeyrissjóði og greiðslu í viðbótarlífeyrissparnað;
- upplýsingar um útlagðan kostnað;
- upplýsingar um viðveru í vinnu;
- upplýsingar um áunnið orlof og orlofstöku;

- upplýsingar um töku fæðingarorlofs;
- upplýsingar um fjarvistir vegna veikinda og afrit af læknisvottorðum; og
- afrit af uppsagnarbréfum, mótteknum og sendum.

Vinnsla upplýsinga er varða stéttarfélagsaðild, lífeyrissjóð, orlofstöku, veikindi og fæðingarorlof byggja jafnframt á lagaskyldu. Þá er viðveruskráning jafnframt nýtt á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins til að fylgjast með viðveru starfsmanna hverju sinni.

Upplýsingar sem unnar eru á grundvelli ráðningarsamnings starfsfólks eru nauðsynlegar svo félagið geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart starfsfólki. Veiti starfsfólk félagsins ekki nauðsynlegar upplýsingar getur það leitt til þess að félaginu sé ómögulegt að uppfylla skyldur sínar eða til þess að breyta þurfi verkefnum eða stöðu starfsfólks innan félagsins.

Vinnsla sem byggir á verktakasamningi

- tengiliðaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang;
- afrit af verktakasamningi;
- afrit af reikningi (tímaskýrslu eftir atvikum), nafn, kt. og bankareikningur; og
- upplýsingar um útlagðan kostnað sem verktaki hefur lagt út fyrir og félagið endurgreiðir.

Vinnsla sem byggir á lögmætum hagsmunum Nóa-Sírús

Sú vinnsla sem framkvæmd er á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins er eftirfarandi:

- upplýsingar úr starfsmannasamtölum, mat á frammistöðu og upplýsingar úr starfsánægjukönnunum;
- kvartanir yfir starfsfólki og verktökum og áminningar til starfsfólks;
- upplýsingar um atvik sem notaðar eru til að tryggja öryggi;
- upplýsingar um ástæðu starfsloka / ástæðu uppsagnar.

Vinnsla sem byggir á lagaskyldu

Á grundvelli vinnuréttarlöggjafar og kjarasamninga vinnur félagið með upplýsingar er varða aðild að stéttarfélagi, upplýsingar er varða orlofstöku, veikindi og fæðingarorlof hvað varðar starfsfólk félagsins. Þá er unnið með launatengdar upplýsingar í tengslum við jafnlaunavottun.

Auk þess er félaginu skylt að halda utan um upplýsingar um vinnuslys og eftir atvikum tilkynna um slík slys til Vinnueftirlitsins.

2. Rafræn vöktun hjá Nóa Sírús

Rafræn vöktun með eftirlitsmyndavélum er viðhöfð á starfsstöðvum félagsins, bæði innandyr og í kringum húsnæðið. Öll vöktuð svæði eru á merkt sérstaklega. Myndavélaeftirlit er viðhaft í öryggis- og eignarvörsluskyni á grundvelli lögmætra hagsmuna Nóa-Sírúsar. Myndefni sem safnast með eftirlitsmyndavélum er ekki varðveitt lengur en í 30 daga nema lög eða reglur um rafræna vöktun heimili.

Félagið áskilur sér jafnframt rétt til að skoða tölvupósta í pósthólfum þeim sem starfsfólk hefur fengið úthlutaða af félaginu sem og skoða netvafur, tengingar og gagnamagn starfsfólks og verktaka á neti félagsins og búnaði í eigu félagsins. Tilvikabundin skoðun á tölvupósti, netvafri, tengingum og gagnamagni á sér einungis stað ef grunur vaknar um brot starfsmanns eða verktaka á trúnaðar- eða vinnuskyldum eða lögum. Í tilviki gruns um refsiverðan verknað óskar félagið eftir atbeina lögreglu.

Þegar tölvupóst- eða netnotkun er skoðuð skal starfsmanni og/eða verktaka almennt fyrst gerð grein fyrir því og viðkomandi veitt tækifæri til að vera viðstaddur skoðun. Slíkt á þó ekki við ef hagsmunir félagsins mæla gegn því eða þess er ekki kostur. Við starfslok skal starfsmaður/verktaki eyða öllum einkatölvupósti úr pósthólfi því sem viðkomandi hefur fengið úthlutað af félaginu. Fyrirverandi starfsmenn/verktakar eru því ekki kallaðir til reynist þörf á að fara í tölvupósthólf þeirra.

3. Miðlun til þriðju aðila

Félagið kann að veita þriðju aðilum sem veita félaginu upplýsingatæknipjónustu og/eða aðra þjónustu sem tengist vinnslu og er hluti af rekstri félagsins aðgang að persónuupplýsingum þeim sem unnið er með, s.s. hýsingaraðila og/eða þeirra sem sinna tæknilegri aðstoð við félagið. Slíkir aðilar koma fram sem svokallaðir vinnsluaðilar fyrir hönd félagsins og er gerður við þá sérstakur vinnslusamningur sem tryggir öryggi og trúnað við meðferð upplýsinganna.

Þessir aðilar kunna að vera staðsettir utan Íslands. Félagið mun þó ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar, s.s. á grundvelli staðlaðra samningsskilmála, samþykki viðkomandi einstaklings eða auglýsingar Persónuverndar um ríki sem veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Þá er upplýsingum er varðar greiðslu í stéttarfélag og lífeyrissjóð miðlað til viðeigandi stéttarfélaga og lífeyrissjóða.

Þá kann félagið að miðla persónuupplýsingum starfsmanna og verktaka til þriðju aðila sem veita félaginu nauðsynlega þjónustu, s.s. lögmannna félagsins, endurskoðenda og aðila sem veita félaginu vottanir, s.s. jafnlaunavottun og vottun á stjórnkerfi því sem félagið notar.

Persónuupplýsingar um starfsfólk kunna jafnframt að vera afhentar til þriðju aðila að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna, s.s. til Vinnueftirlitsins ef vinnutengt slys verður eða til tryggingarfélaga í tilviki slysa eða tjóns.

Einnig kann persónuupplýsingum að vera miðlað til þriðju aðila til að bregðast við aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða dómsúrskurði.

4. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Félagið leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra. Dæmi um öryggisráðstafanir sem félagið grípur til eru aðgangsstýringar í kerfum félagsins.

5. Varðveisla á persónuupplýsingum

Félagið varðveitir persónuupplýsingar eingöngu eins lengi og þörf krefur miðað við tilgang til vinnslunnar, nema annað sé heimilt eða skylt samkvæmt lögum.

Að hluta til eru upplýsingar varðveittar á meðan á ráðningarsambandi stendur, s.s. tengiliðaupplýsingar. Tengiliðaupplýsingar fyrirverandi starfsmanna sem eru á heiðurslista félagsins eru varðveittar ótímabundið. Upplýsingar er tengjast orlofi varðveittir félagið í 4 ár, upplýsingar er tengjast launavinnslu, tímaskráningum og útlögðum kostnaði varðveittir félagið í 7 ár á grundvelli bókhaldslaga og aðrar upplýsingar kann félagið að veita í allt að 14 ár frá starfslokum í því skyni að geta varist mögulegum kröfum frá fyrirverandi starfsmönnum.

6. Réttindi hvað varðar þær persónuupplýsingar sem Núi-Síríus vinnur

Á grundvelli persónuverndarlaga kann starfsfólk að eiga ákveðin réttindi til aðgangs og eftir atvikum til afrits að þeim persónuupplýsingum sem félagið vinnur. Við ákveðnar aðstæður á starfsfólk jafnframt rétt til að óska eftir því að persónuupplýsingum þeirra verði eytt, upplýsingarnar leiðréttar eða vinnsla þeirra takmörkuð. Þá kann jafnframt að vera til staðar réttur til að fá afrit af upplýsingum sem viðkomandi starfsfólk hefur sent félaginu á tölvutæku formi og eftir atvikum að félagið sendi þær upplýsingar á þriðja aðila.

Þegar persónuupplýsingar eru unnar á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins geta starfsmenn andmælt slíkri vinnslu. Komi til þess að upplýsingar starfsmanna séu unnar á grundvelli samþykkis skulu starfsmenn jafnframt hafa rétt á að afturkalla slíkt samþykki.

Framangreind réttindi eru þó ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda félagið til að takmarka eða hafna beiðni starfsmanna um að nýta sér umrædd réttindi.

7. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Ef starfsmenn vilja nýta sér þau réttindi sem lýst er í 6. gr. í stefnu þessari, eða ef einhverjar spurningar vakna hvað varðar meðferð félagsins á persónuupplýsingum, vinsamlegast hafðu samband við persónuvernd@noi.is og við munum leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina um réttindi þín samkvæmt persónuverndarstefnu þessari.

Ef starfsmenn eru ósáttir við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum geta þeir jafnframt sent erindi til Persónuverndar á postur@personuvernd.is eða með bréfpósti til

Persónuvernd
Laugavegi 166, 4. hæð
105 Reykjavík

8. Endurskoðun

Félagið getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig unnið er með persónuupplýsingar.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð stefna hefur verið birt starfsfólki og verktökum.

Þessi persónuverndarstefna var sett þann 16.maí 2025.

